



Atvinnuleysi minnkaði áfram í mars – þróunin á réttri leið

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í mars 11,0% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 11,4% frá því í febrúar. Um 25.200 manns voru á atvinnuleysissskrá í mars, þar af um 21.000 atvinnulausir og um 4.200 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var 1,1% og var óbreytt milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í mars var því 12,1% samanborið við 12,5% í febrúar og minnkaði þannig um 0,4 prósentustig.


Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli febrúar og mars, nema á Norðurlandi vestra þar sem það var óbreytt. Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 en sú þróun er auðvitað háð hraða bólusetninga og því að tók náist á faraldrinum þannig að landið opnist meira. Okkar möguleikar í því sambandi eru reyndar líka mjög háðir sömu baráttu í okkar helstu viðskiptalöndum.

Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi í apríl og að það verði í kringum 10%, m.a. vegna árstíðarsveiflu og sérstaks atvinnuáttaks stjórnvalda. Því lítur nú út fyrir að hámarki atvinnuleysis hafi verið náð. Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi 2020 og því langt í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá.

Staðan enn alvarlegust á Suðurnesjum


Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 23,2% í mars og minnkaði um 0,8 prósentustig frá febrúar. Almennt atvinnuleysi var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað tvo mánuði í röð, alls um 1,3 prósentustig. Almennt atvinnuleysi þar er eftir sem áður rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða 10,9%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 10,2%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

Atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í febrúar og mars 2021



Heimild: Vinnuálastofnun



Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Á síðustu árum hefur atvinnuleysi kynjanna þróast með svipuðum hætti sé litið á landið allt. Í fyrra var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 7,9%, en árin tvö þar á undan var atvinnuleysi kvenna 0,2-0,3 prósentustigum hærra en hjá körlum. Fyrstu þrjá mánuði ársins 2021 hefur atvinnuleysi karla verið 11,5% á meðan það var 11,1% meðal kvenna, þannig að munur á atvinnuleysi kynjanna kann að vera að aukast samhliða því sem atvinnuleysi minnkar.

Staða kynjanna mismunandi eftir svæðum

Atvinnuleysi karla og kvenna er svipað víðast hvar á landinu. Atvinnuleysi karla er einungis meira en kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var 4,9 prósentustigum meira en meðal karla á svæðinu. Atvinnuleysi meðal kvenna þar var hins vegar 27,5% og lækkaði um eitt prósentustig frá febrúar. Töluverður munur er einnig á atvinnuleysi kynjanna, konum í óhag, á Vesturlandi og Suðurlandi.


Langtímaatvinnulausum fjölgað mikið

Langtímaatvinnuleysi fylgir jafnan kreppum eins og þeirri sem nú stendur yfir. Alls höfðu um 6.200 almennir atvinnuleitendur verið án vinnu í meira en 12 mánuði í lok mars, en voru um 4.700 í febrúarlok 2021. Þeir voru hins vegar um 2.200 í marslok 2020 og hefur því fjölgað um 4.000 milli ára.

Ástæða til bjartsýni


Eins og áður segir lítur út fyrir að hámarki hafi nú verið náð varðandi atvinnuleysi í þessari kreppu. Þrátt fyrir ágætan árangur í bólusetningum ríkir engu að síður töluverð óvissa áfram og þar skiptir framgangur faraldursins í helstu viðskiptalöndum okkar ekki síður máli en hér innanlands.

Heildaratvinnuleysi í mars 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysi karla og kvenna



Heimild: Vinnuálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.